

Fréttatilkynning

Starfsemin á 2F2024

Afli bolfiskskipa félagsins var á tímabilinu 12.100 tonn en var 10.500 tonn á sama tímabili árið áður. Aukning var í veiðum á ýsu og gulllaxi samanborið við árið á undan, ufsaveiði var dræm líkt og á fyrra ári og ekki var úthlutað heimildum í djúpkarfa en árið 2023 veiddu skip félagsins tæplega 1.000 tonn af djúpkafa á öðrum ársfjórðungi. Botnfiskaflí til landvinnslu var um 6.200 tonn líkt og á sama tímabili á fyrra ári.

Verð á ferskum landunnum bolfiskafurðum var gott og sambærilegt við árið á undan. Verð á sjófrystum afurðum var nokkru lægra samanborið við sama tímabil seinasta ár.

Breytingar urðu á skipastól félagsins í júní þegar nýtt frystiskip kom inn í rekstur félagsins og hélt Þerney RE-1 í sína fyrstu veiðiferð fyrir Brim hf þann 21. júní sl. Í ágúst var svo lokið við sölu á frystiskipinu Örfirisey RE-4.

Rekstur uppsjávarviðs markaðist af því að engin loðnuvertíð var á fyrsta ársfjórðungi. Kolmunnaveiði hófust að nýju í byrjun apríl og var seinasta löndunin 7. maí, veiðar gengu vel og var aflinn um 30 þúsund tonn, sem unninn var í verksmiðjum félagsins á Vopnafirði og Akranesi. Í lok júní héldu uppsjávarskipin til makrílveiða og komu fyrstu farmarnir á land í byrjun júlí.

Helstu atriði úr fjárhagsuppgjöri 2F 2024

- Vörusala var 79,7 m€ á fjórðungnum samanborið við 108,8 m€ á öðrum fjórðungi 2023
- Hagnaður var 1,0 m€ á fjórðungnum samanborið við 10,4 m€ á öðrum fjórðungi 2023
- EBITDA var 9,0 m€ og EBITDA hlutfall 11,3%
- Eignir hafa hækkað um 26 m€ frá áramótum og voru 975,7 m€ í lok tímabilsins
- Eigið fé þann 30. júní 2024 var 451,0 m€ og eignfjárhlutfall 46,2%

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri:

„Uppgjörið núna er dæmigert fyrir uppgjör á loðnuleysisári. Engin loðna veiddist á árinu og það tekur í hjá okkur því hún vegur þungt í okkar rekstri. Við veiddum meira af botnfiski á öðrum hluta þessa árs en á sama tíma í fyrra og tekjur af sölu hans jukust dálítið. Á móti komu verulegar kostnaðarhækkanir, bæði á aðföngum, launum, veiðigjöldum og kostnaði vegna brennslu á olíu í staðinn fyrir notkun á rafmagni. Og til viðbótar voru veiðiheimildar í mikilvægum fisktegundum fyrir okkur í Brimi skornar niður. Þegar allt þetta kemur saman er afkoman á fyrri hluta ársins ekki góð. Við sem höfum starfað í sjávarútvegir í áratugi vitum að það skiptast á skin og skúrir en rekstur og efnahagsreikningur Brims er traustur og það verður að haga seglum eftir vindi.“

Fréttatilkynning

Rekstur

LYKILTÖLUR REKSTRAR

EUR '000	2F 2024	2F 2023	1H 2024	1H 2023
Seldar vörur	79.726	108.831	174.181	222.206
Kostnaðarverð seldra vara	(70.346)	(90.591)	(152.663)	(173.550)
Vergur hagnaður	9.380	18.240	21.518	48.656
Aðrar tekjur	6	295	6	295
Útflutningskostnaður	(1.739)	(2.925)	(3.531)	(5.438)
Annar rekstrarkostnaður	(3.335)	(3.429)	(6.165)	(6.496)
Rekstrarhagnaður	4.312	12.181	11.828	37.017
Fjáreignatekjur	688	1.244	1.589	2.421
Fjármagnsgjöld	(5.588)	(4.709)	(10.955)	(8.439)
Gengismunur	753	775	942	(4)
Áhrif hlutdeildarféлага	1.015	2.578	2.966	4.600
Hagnaður fyrir tekjuskatt	1.180	12.069	6.370	35.595
Tekjuskattur	(186)	(1.656)	(870)	(6.320)
Hagnaður tímabilsins	994	10.413	5.500	29.275
EBITDA	8.970	16.203	21.017	45.302
EBITDA%	11,3%	14,9%	12,1%	20,4%

Seldar vörur námu á 1H 2024 174 m€ samanborið við 222 m€ árið áður. Lækkun vörusölu má rekja til þess að engin loðnuvertíð var á árinu 2024.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 21,0 m€ eða 12,1% af rekstrartekjum, en var 45,3 m€ eða 20,4% árið áður.

Fjármagnsgjöld umfram fjáreignatekjur námu 8,4 m€ á fyrri árshelmingi 2024 en voru 6,3 m€ á sama tímabili í fyrra.

Hagnaður fyrir tekjuskatt á fyrri árshelmingi nam 6,4 m€, samanborið við 35,6 m€ á fyrri árshelmingi 2023. Tekjuskattur fyrir sama tímabil nam 0,9 m€, en var 6,3 m€ árið áður. Hagnaður tímabilsins varð því 5,5 m€ en var 29,3 m€ árið áður.

Fréttatilkynning

Efnahagur

LYKILTÖLUR EFNAHAGS

EUR '000	30.06.2024	31.12.2023
Fastafjármunir	830.325	779.419
Veltufjármunir	145.363	170.239
Eignir samtals	975.688	949.658
Eigið fé	451.007	472.808
Langtímaskuldir	408.014	412.885
Skammtímaskuldir	116.667	63.965
Eigið fé og skuldir	975.688	949.658

Heildareignir félagsins námu 976 m€ í lok 2F 2024. Þar af voru fastafjármunir 830 m€ og veltufjármunir 145 m€. Hækkun á fastafjármunum skýrist vegna kaupa á frystitogaranum Þerney RE-1. Kaupin voru fjármögnuð með láni til eins árs.

Fjárhagsstaða félagsins er áfram sterk og nam eigið fé 451 m€ og var eiginfjárlutfall 46,2%, en var 49,8% í lok árs 2023. Heildarskuldir félagsins voru 525 m€ í lok fjórðungsins og hækkuðu um 48 m€ frá áramótum.

Sjóðstreymi

LYKILTÖLUR SJÓÐSTREYMIS

EUR '000	2024 1.1.-30.6.	2023 1.1.-30.6.
Handbært fé fá rekstri	24.101	16.017
Fjárfestingarhreyfingar	(55.493)	(121.465)
Fjármögnunarhreyfingar	23.523	(33.918)
Lækkun á handbæru fé	(7.869)	(139.366)
Handbært fé í byrjun árs	34.178	161.975
Handbært fé í lok tímabilsins	26.309	22.609

Handbært fé frá rekstri nam 24 m€ á fyrri helmingi ársins, en var 16 m€ á fyrri helmingi ársins 2023. Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 55 m€ og fjármögnunarhreyfingar voru jákvæðar um tæpar 24 m€. Handbært fé lækkaði því um 8 m€ og var rúmar 26 m€ í lok tímabilsins.

Meginniðurstöður færðar til íslenskra króna

Séu niðurstöður rekstrarreiknings reiknaðar til íslenskra króna á meðalgengi fyrra árshelmings ársins 2024 (1 evra = 149,47 ísk) voru tekjur 26,0 ma. króna, EBITDA 3,1 ma. og hagnaður 0,8 ma. Séu niðurstöður efnahagsreiknings reiknaðar til íslenskra króna á gengi 30. júní 2024 (1 evra = 148,9 ísk) voru eignir samtals 145 milljarðar króna, skuldir 78 milljarðar og eigið fé 67 milljarðar.

Fréttatilkynning

Hluthafar

Lokaverð hlutabréfa 30. júní 2024 var 70,6 kr. á hlut og var markaðsvirði félagsins þá 136 milljarðar króna. Fjöldi hluthafa var 1.774.

Samþykkt árshlutareiknings

Árshlutareikningurinn var samþykktur á stjórnarfundum Brims hf. 29. ágúst 2024. Árshlutareikningurinn er í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS – International Financial Reporting Standards).

Kynningarfundur þann 29. ágúst 2024

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta verður haldinn fimmtudaginn 29. ágúst klukkan 16:30 í höfuðstöðvum félagsins að Norðurgarði 1. Guðmundur Kristjánsson forstjóri félagsins kynnir uppgjör fjórðungsins og svarar spurningum. Fundinum verður jafnframt streymt og hægt verður að fylgjast með honum á www.brim.is/streymi. Velkomið er að senda spurningar fyrir fundinn eða á meðan fundi stendur á netfangið fjarfestatengsl@brim.is. Aðsendum spurningum verður svarað í lok fundar.

Brim hf.

Brim er öflugt sjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun í sjávarútvegi með vöruþróun, tæknilausnum og öflugum starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Fjárhagsdagatal

Þriðji ársfjórðungur	21. nóvember 2024
Fjórði ársfjórðungur	27. febrúar 2025

Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson forstjóri, sími 550-1000.